

# Sló sló

Lag og texti: Bubbi Morthens

Á þingi er hann sló sló

og þénar plentí skæs.

Á kvöldin étur ró, ró

af vellíðan hann blæs.

Hann þykir fríður maður

er kosinn út á það.

Enginn lýgur falletgri glaður

loforðin standa í stað.

Við lifum í landi þingmannanna

þar sem fátækt er ekki til.

Í skugga frá vængjum gammanna

þorum við að vera til.

Fjölmiðlar þeir virðast elsk'ann

í sjónvarpi ber hann af.

Mæður okkar elsk'ann

hann hefur lært sitt fag.

Ekur um á töff bíl

fólkið fellir þann dóm

að hann hafi glæsilegri prófíl

en þeir fríðustu í Róm.

Orð hans hitta múginn

í laumi dár forsetinn hann.

Þó alþýðan sé inn að beini rúin

er honum fyrirgefið, það er hann.

Líklega er honum sama þó þú sveltir

með skömmtunarseðilinn úti í búð.

Hendir í þig beini þegar þú geltir

þingmaðurinn býður upp á snúð.

Lagið má finna á eftirtöldum útgáfum

- Bubbi - Frelsi til sölu (1986)